

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 23/2008**2009/EES/25/60**

frá 11. janúar 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin þar sem mælt var fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegu grunnreglurnar nákvæmari. Að því er varðar vörpun hættuhermimynda (TIP) skal mæla fyrir um nothæfiskröfur. Íhuga skal að endurskoða þessar kröfur með reglulegu millibili og a.m.k. á tveggja ára fresti til að tryggja að þær haldi áfram að endurspeglar tæknipróun, einkum að því er varðar stærð tiltæks safns sýndarmynda.
- 3) Vörpun hættuhermimynda skal notuð til að bæta frammistöðu vopnleitarmanna sem skoða bæði handfarangur og lestarfarangur með því að endurvarpa sýndarmyndum af hættulegum hlutum í röntgenmynd af farangri. Ákvarða skal lágmarks- og hámarkshlutfall sýndarmynda af hættulegum hlutum sem endurvarpað er

í myndir af farangri. Kerfið, sem varpar hættuhermimyndum, skal láta vopnleitarmenn, sem bregðast við myndum af farangri, vita hvort þeir hafi brugðist við með réttum hætti við greiningu sýndarmyndarinnar af hættulega hlutum. Að auki skal safn sýndarmynda, sem notað er til vörpunar hættuhermimynda, stækkað og endurnýjað reglulega svo taka megir tillit til nýrra, hættulegra hluta og til að koma í veg fyrir að sýndarmyndirnar verði of kunnuglegar.

- 4) Upplýsingar um nothæfiskröfur öryggisbúnaðar, þ.m.t. vörpun hættuhermimynda, á flugvöllum, skulu ekki gerðar almenningi aðgengilegar þar sem hugsanlega má misnota þær til að sniðganga flugverndareftirlit. Aðeins eftirlitsyfirvöld og framleiðendur búnaðar skulu hafa aðgang að þessum upplýsingum.
- 5) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir þessum viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 9, 12.1.2008, bls. 12. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2008 frá 4. júlí 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 23.10.2008, p. 16.

(¹) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3).

(²) Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1477/2007 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 22).

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
